

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. heyrir undir kjararáð.

II.

Í framhaldi af tölvupóstsamkiptum við framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. (orkubússtjóra) ákvað kjararáð með bréfi dagsettu 28. júní 2012 að taka launakjör hans til skoðunar. Jafnframt var honum tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var orkubússtjóra gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Orkubús Vestfjarða ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör orkubússtjóra.

Í bréfi orkubússtjóra dagsettu 31. júlí 2012 er farið fram á að kjararáð endurskoði þann hluta VIII. kafla úrskurðar nr. 2010.4.001 sem fjallar um verðmæti lífeyrisréttinda þannig að þeir sem ekki njóta þess að vera í verðtryggðum ríkislífeyrissjóði fái það jafnað með hærri launum. Í bréfinu segir að ekki sé hægt að leggja störf opinbers embættismanns og framkvæmdastjóra hlutafélags að jöfnu þegar ákvarða skuli laun fyrir viðkomandi störf og bendir hann á greinarmun á þessum störfum hvað viðkemur lagalegri ábyrgð. Kjararáði beri að horfa til launa forstjóra annarra orkufyrirtækja þegar laun orkubússtjóra séu ákvörðuð. Þá biður hann kjararáð að íhuga hvort framkvæmdastjórar hlutafélaga í eigu ríkisins ættu ekki að njóta hliðstæðra kjara vegna innheimtu á kröfum fyrirtækjanna sem þeir stýra og þeir embættismenn sem sjái um innheimtu fyrir ríkissjóð og hljóti innheimtulaun ef vel gangi. Í bréfinu kemur einnig fram að fyrirtækið sé með lágsta auglýsta raforkuverð á samkeppnismarkaði og verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku þoli samanburð við Orkuveitu Reykjavíkur. Þrátt fyrir lágt og vel samkeppnisfært orkuverð hafi fyrirtækið skilað hagnaði á síðustu sjö árum og sé farið að skila arði af rekstri sínum í ríkissjóð. Óskar

orkubússtjóri eftir að kjararáð skipi starfi framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. í launaflokk og taki síðan tillit til reynslu og árangurs þess sem nú gegnir starfinu við röðun í launaflokk. Verði að teljast eðlilegt að raða honum ofar en í launaflokk 139. Þá kemur fram í bréfinu að ekki sé nokkur möguleiki að átta sig á hvað kjararáð leggi til grundvallar við ákvörðun á fjölda eininga. Telur hann samanburð á einingum milli starfa sé marklausan nema vinnuframlag viðkomandi aðila sé jafnframt skoðað. Allt tal um innbyrðis ósamræmi vegna einingafjölda sé einnig meiningarlaust ef ekki sé horft til vinnuframlags viðkomandi aðila. Fram kemur í bréfinu að orkubússtjóri hafi haldið fram, og stjórnarformaður staðfest, að hann skili að minnsta kosti 50 unnum yfirvinnustundum á mánuði að jafnaði. Þá hvíli bakvaktakvöð á orkubússtjóra. Þetta vinnufyrirkomulag sé staðfest í ráðningarsamningi. Orkubússtjóri gerir kröfu um fjölgun eininga í allt að 97 á mánuði. Telji kjararáð sér ekki fært að verða við því lýsir hann sig reiðubúinn til að fá greidd laun fyrir unna yfirvinnu og bakvaktaskyldu á grundvelli tímaskýrslna sem stjórnarformaður samþykki með áritun sinni.

Í svari stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf. dagsettu 7. ágúst 2012 segir að ekki sé hægt að jafna ábyrgð framkvæmdastjóra hlutafélags samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 við ábyrgð embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Embættismenn séu skipaðir til fimm ára með allt að því sjálfkrafa framlengingu skipunar. Þeir njóti því réttinda þótt til starfsloka komi, og jafnvel biðlaunaréttar sé staða lögð niður t.d. við sameiningu. Orkubússtjóri eigi starf sitt undir félagsstjórn sem kosin sé til árs í senn á aðalfundi. Stjórn gæti ákveðið að segja orkubússtjóra upp störfum án sérstaks rökstuðnings annars en að hann nyti ekki trausts stjórnar. Ekki þyrftu að koma sérstök brot eða misfellur í starfi, hvað þá formleg áminning og endurtekin brot líkt og gildir um embættismenn. Við uppsögn giltu þá einungis almennar reglur um uppsagnarfrest. Telur stjórnin nauðsynlegt að kjararáð taki tillit til þessa réttindamunar. Þá sé verulegur eðlismunur á starfsemi Orkubús Vestfjarða ohf. og ríkisstofnana. Orkubú Vestfjarða ohf. sé félag sem afli sér tekna að hluta til á samkeppnismarkaði á meðan ríkisstofnanir fái tekjur að mestu í formi fjárheimilda á fjárlögum frá Alþingi. Því sé eðlilegt að líta til launakjara framkvæmdastjóra fyrirtækja í samkeppnisrekstri. Í bréfinu kemur einnig fram að starfsskyldur orkubússtjóra við umsjón og ábyrgð á almennum rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. séu talsvert umfram það að hægt sé að sinna þeim að fullu á hefðbundnum dagvinnutíma. Eins sé starfsemi Orkubúsins mikilvæg almannahagsmunum á starfssvæði fyrirtækisins og ábyrgð orkubússtjóra feli í sér skyldu til að bregðast við þegar frávik verði á reglulegri starfsemi Orkubúsins, svo sem ef truflanir verði á raforkudreifingu vegna bilana. Af þessu leiði í reynd að orkubússtjóri sé á bakvakt allan ársins hring og bregðist við þegar þörf sé á til að stýra þeim verkefnum sem upp komi, eiga samskipti við fjölmiðla og eftir atvikum hagsmunaaðila. Stjórnin telur því að eðlilegt sé að fjölga einingum, þannig að hann fái notið sanngjarnrar umbunar í launum miðað við starfsskyldur og vinnuframlag, bæði á dagvinnutíma og utan hans, auk umbunar fyrir árangur í rekstri fyrirtækisins. Að endingu er í bréfi stjórnarinnar bent á að taki orkubússtjóri að sér setu í stjórnnum hagsmunafélaga sé það meðal annars til þess að gæta hagsmuna Orkubúsins. Vegna staðsetningar fyrirtækisins og búsetu orkubússtjóra geti það hins vegar haft í för með sér umtalsvert óhagræði vegna fundarsóknar, sem leiði til þess að vinna utan hefðbundins dagvinnutíma aukist.

Með bréfi dagsettu 5. september 2012 fékk orkubússtjóri send svör fjármálaráðuneytisins og stjórnar Orkubús Vestfjarða ohf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Athugasemdir bárust ekki.

III.

Í samþykktum fyrir Orkubú Vestfjarða ohf. frá 2. maí 2007 segir að tilgangur félagsins sé að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til

raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforku-dreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi svo og stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin ræður forstjóra (orkubússtjóra) og fer hann með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal orkubússtjóra. Jafnframt var svo kveðið á í lögum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað orkubússtjóra laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrdi undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá orkubússtjóra hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Um leið fækkar mánaðarlegum einingum að sama skapi. Heildarlaun eru því óbreytt.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör orkubússtjóra.

Fyrri ákvarðanir kjararáðs um aukastörf orkubússtjóra skulu óbreyttar standa.

Laun og starfskjör orkubússtjóra skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Orkubús Vestfjarða ohf. (orkubússtjóra) vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 790.521 krónur. Að auki skal greiða honum 41 einingu á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi orkubússtjóri haldið bifreiðahlunninum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili orkubússtjóra greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör orkubússtjóra gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson